

Til Kirkjubingsfulltrúa

Reykjavík 22. október 2021

Varðandi lið 10-f í minnisblaði með máli 14 fyrir kirkjubing í október 2021


Í minnisblaði með 14. máli er varðar tillögu um fækkun prestsstarfa innan þjóðkirkjunnar er að finna einn lið þar sem segir, án frekari tilvísana eða rökstuðnings: „**Sjúkrahúsprestur aflagður. (Fækkun um eitt stöðugildi.)**“.

Framangreind tillaga kom okkur, deild sálgæslu presta og djákna við Landspítala, algerlega í opna skjöldu, en fyrst fengust fregnir af henni í fjölmiðlum þann 20. október sl. Því hafði ég ekki tök á að koma inn athugasemdum við hana fyrir 15. október eins og gert var ráð fyrir. Fyrir hönd okkar, deildar sálgæslu presta og djákna við Landspítala lýsi ég undrun minni og vonbrigðum með þessa tillögu og hvernig að henni hefur verið staðið. Hvorki hefur átt sér stað samtal við þjónustueiningu sálgæslu presta og djákna né er mér sem deildarstjóra kunnugt um að nein könnun hafi farið fram á umfangi eða eðli starfs sjúkrahúsprests þjóðkirkjunnar, er réttlæti þessa tillögu. Þessi tillaga er aðför að þjónustu sem þjóðkirkjan hefur stutt dyggilega frá upphafi. Embætti sjúkrahúsprests þjóðkirkjunnar var sett á laggirnar árið 1986 við Ríkisspítala en áður hafði Borgarspítali ráðið til sín sjúkrahúsprest og hefur þjónusta okkar vaxið af þessum grunni.

Starf sjúkrahúsprests þjóðkirkjunnar hefur sl. tvo áratugi verið að mestum hluta helgað líknarþjónustu innan sem utan sjúkrahússins. Dr. Guðlaug Helga Ásgeirsdóttir, sem nú gegnir starfinu, hefur unnið mikilvægt starf í mótun og uppbyggingu líknarþjónustu hér á landi sem bæði þjóðkirkjunni og Landspítala er sómi af. Það að þjóðkirkjan ætli sér að draga úr stuðningi sínum við sálgæslu á Landspítala með þessum hætti gengur einnig þvert á nýleg áform um frekari eflingu samfylgdar okkar. Í september 2020 var samið um að prests- og djáknanemar í starfsnámi innan þjóðkirkjunnar geti tekið hluta starfsnáms síns innan Landspítala. Þegar á umliðnu ári hefur verið unnið skv. þeim samningi. Þá hefur verið unnið að hugmyndavinnu um frekari útfærslu starfsnámsins sem við bíðum tækifæris með að taka upp til umræðna við þjóðkirkjuna. Þetta útspil kemur því sem blaut tuska í andlit okkar. Ef staða sjúkrahúsprests þjóðkirkjunnar verður lögð niður mun það veikja einingu okkar og þar með þjónustuna sem veitt er á Landspítala. Einnig mun það skerða möguleika okkar til að móta frekar náms- og þjálfunarleið fyrir djákna- og prestsnema við Landspítala.

Ef af verður er þetta alvarlegt rof í samfylgd þjóðkirkjunnar og þjóðarsjúkrahúss Íslendinga. Þjóðkirkjan hefur frá upphafi látið sig varða og verið dyggur stuðningsaðili sálgæslu presta og djákna við Landspítala. Þessar tvær stofnanir þjóna þjóðinni allri, sinna um og koma að lífi og velferð landsmanna allra. Þær heyra því saman í þjónustu sinni. Stuðningur þjóðkirkjunnar hefur ekki bara skipt máli hvað fjármuni varðar, heldur haft mikið táknrænt vægi og þannig skipt miklu máli fyrir stofnunina sem heild. Það er von mín að kirkjubing beri gæfu til að reka ekki slíkan fleyg á milli þessara tveggja þjóðarstofnana, þjóðkirkjunnar og þjóðarsjúkrahúss Íslendinga, Landspítala.

Með vinsemd og virðingu



Sr. Gunnar Rúnar Matthíasson
Deildarstjóri Sálgæslu presta og djákna
Landspítala Fossvogi – B-1
108 Reykjavík